

# Verkefni: *SÍSL* Sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir

Styrkþegi: Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

## Samantekt

Sett var af stað vinnutengt þjálfunarferli (smiðjur) fyrir kennara og aðra sem koma að námi og kennslu nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi í Mosfellsbæ og á Akranesi. Hópur íslenskra sérfræðinga tók einnig þátt, en meðlimir hans starfa við Háskóla Íslands, fjóra grunnskóla í Reykjavík og á tveimur þjónustumiðstöðvum, einnig í Reykjavík. Þjálfunin fór fram í tengslum við starf kennaranna á vettvangi.

Þátttakendur fengu þjálfun í millimenningarfærni og bestum leiðum í námi og kennslu annars tungumáls. Þjálfun í 6+1 Trait ritunarnálgun og PALS samvinnunámsnálgun í lestrarnámi hefur nú þegar átt sér stað. Í nóvember í haust munu síðan nokkrir sérfræðinganna fá þjálfun í SIOP (Sheltered Instruction Observation Protocol), sem er sérstök nálgun í tengslum við kennslu tungumálsins í gegnum þær greinar sem kenndar eru í skólum.

Nýbreytni verkefnisins felst í því að *allir* kennarar eru álitnir kennarar í íslensku sem öðru tungumáli og að nám og kennsla í tungumálinu fari fram þvert á allt skólastarf, en ekki aðeins í sérkennslutímum eða sérstökum deildum fyrir þá sem eiga ekki íslensku að móðurmáli. Jafnframt ber þátttakendum að miðla þekkingunni og færninni sem þeir tileinkuðu sér í smiðjunum til samstarfsfólks síns og fái fyrir það tíma í stundatöflu og jafnvel laun.

Miðlun þekkingar innanhúss og þjálfun af þessu tagi á að tryggja að þekkingin á málefninu sé langlíf og víðtæk en ekki á höndum örfárra starfsmanna.

Nánari upplýsingar um SÍSL verkefnið er á þessum vef: <http://leikar.net/SISL/>

# Project: *SISL* A Specialist Team in a Society That Learns

Grantee: Miðborg-Hlíðar Service Centre

## **Abstract**

The SÍSL project (an acronym which in English translates as *A Specialist Team in a Society That Learns*) has been set into motion in the municipalities of Akranes and Mosfellsbær. A group of Icelandic specialists from the University of Iceland, four schools in Reykjavík and two social service centres are also involved.

Participants have received training in intercultural competences and best practices in the area of second language learning and teaching. Training in 6+1 Trait writing and PALS (Peer -Assisted Learning Strategies) has already taken place; and the training of specialists in SIOP (Sheltered Instruction Observation Protocol) will take place in November of this year. The training is connected to participants' actual experience in their workplaces.

The programme is innovative in that it assumes that *all* teachers are second-language teachers; and that Icelandic second language learning is something that goes on in all areas of school life, not just in special classes.

Furthermore, the programme trains participants from all levels of local education, from preschool to upper secondary schools. Thus giving educators who might never had worked together a chance to share their experiences, insights and networks with one another.

For more detailed description of the SÍSL project, please access this site: <http://leikar.net/SISL/>